



Fréttabréf Brekkuskóla

4. janúar 2017
5. tbl. skólaárið 2016 - 2017
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur

Kæra skólasamfélag

Árið 2017 heilsar með mildu vetrarveðri og við höldum inn í það með bros á vör og gleði í hjarta.

Við í Brekkuskóla kvöddum árið 2016 með því að taka við bókagjöf frá foreldrafélaginu en það endurtók leikinn frá því í desember 2015 þegar það færði skólanum veglega bókagjöf. Þessar gjafir eru skólanum dýrmætar og gera það að verkum að Skóla-bókasafnið getur boðið nemendum nýjar og spennandi bækur. Bókasafnið hefur lengi verið vinsæll viðkomustaður nemenda og verður það örugglega áfram.

Í janúar verða lögð fyrir lesfímipróf fyrir alla nemendur í 1. - 10. bekk. Þessi próf eru hluti af nýju matstæki frá Menntamálastofnun sem ber heitið Lesferill og er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun orðaforða og málskilning. Nú eru tilbúin próf sem meta sjálfa lestrartæknina og eru lögð fyrir núna í janúar og aftur í maí.

Árleg eineltiskönnun verður lögð fyrir nemendur í 4. - 10. bekk, könnunin er liður í Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegri hegðun.

Börn elstu deildar leikskólans Hólmasólar koma í heimsókn til okkar 11. og 12. janúar, heimsóknin er liður í samstarfi leikskólans og Brekkuskóla. Börnin fá leiðsögn um skólann og kynnst Frístund. Fleiri heimsóknir eru fyrirhugaðar í mars og apríl og þá kynnst börnin bekkjarstarfi, frímínútum, mötuneyti og ípróttatímum.

Með góðri kveðju úr skólanum, stjórnendur

Janúar 2017

Brekkuskóli
v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

1	2 Frí	3 Starfsdagur frístund lokuð f.h	4 Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð. salat og ávextir	5 Grænmetisbuff, hrígrjón, salat og ávextir	6 Þrettándinn Grjónagrautur, slátur og ávextir	7
8	9 Kjötbullur, kartöflur, grænmeti og ávextir	10 Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	11 Kjöt í karrý, kartöflur, salat og ávextir Leikskólinn Hólmasól í heimsókn	12 Fiskur í ofni, kartöflur, salat, sósa og ávextir Leikskólinn Hólmasól í heimsókn	13 Gúllas, kartöflumús, grænmeti og ávextir	14
15	16 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	17 Kjöt, kjötsúpa og ávextir	18 Grænmetisréttur, salat og ávextir	19 Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	20 Bóndadagur Grjónagrautur, slátur, þorrasnakk og ávextir	21
22	23 Plökkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	24 Lasagne, brauð, salat og ávextir	25 Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	26 Tortilla, grænmeti, sósa og ávextir	27 Rjómalöguð súpa, brauð, álegg og ávextir	28
29	30 Nemendasamtöl Frístund opin	31 Nemendasamtöl Frístund opin	1	2	3	4

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Samtöl 30. og 31. janúar

Dagana 30. og 31. janúar ætlum við að eiga samtöl þar sem nemendur og foreldrar verða boðaðir í skólann og farið verður yfir námsframvindu nemenda og gerðar áætlanir um framhaldið. Námsmat birtist í Mentor undir verkefnabókum og í námsmarkmiðum á hæfnikorti nemenda.

Breytt verðskrá fyrir Frístund frá 1. janúar 2017

Skráningargjald 7.360 kr.
Hver klukkustund 368 kr.